

Aðalfundur Hvanneyrarbúsins ehf.

11.04. 2024

Skýrsla stjórnar

Frá síðasta aðalfundi félagsins í mars 2023 hefur verið haldinn einn formlegur stjórnarfundur, þann 29. apríl 2023 og var það eiginlega framhald af aðalfundinum. Samskipti hafa að öðru leyti verið í gegnum tölvupóst.

Formaður félagsins er Ragnheiður I. Þórarinsdóttir, rektor Landbúnaðarháskóla Íslands. Aðrir stjórnarmenn eru Baldur Helgi Benjamínsson, búfjárerfðafræðingur og bóndi á Ytri-Tjörnum í Eyjafirði og Pétur Diðriksson, bóndi á Helgavatni í Þverárhlið. Bústjóri er Egill Gunnarsson og fjósameistari er Björn Ingi Ólafsson. Fundargerðir stjórnarfunda, ársreikningar og skýrslur stjórnar eru birtar á heimasíðu Landbúnaðarháskóla Íslands, www.lbhi.is. Milli funda hafa stjórnarmenn og bústjóri átt í samskiptum vegna málefna sem varða félagið, rekstur þess, stefnu og framtíðarhorfur.

Tilgangur félagsins er að reka á hagkvæman hátt kúabú á Hvanneyri í þágu kennslu og rannsóknastarfs Landbúnaðarháskóla Íslands. Tölur frá fyrra ári eru í sviga. Innlögð mjólk árið 2023 var 545.577 (520.152) lítrar með 95% mjólkurnýtingu, 4,12 (4,05%) fitu og 3,35 (3,38%) próteini, mfm líftölu var 17 (14) og mfm frumutölu 158 (88) .

Hlutfall fitu hækkaði aðeins og dró örlítið úr hlutfalli próteins. Líftala var nær óbreytt en frumutala hækkaði markvert. Heilt yfir er staða mjólkurgæða jákvæð en hækking á frumutölu er áhyggjuefni sem þarf að taka á. Það vantar upp á stöðugleika mjólkurgæða þannig að bóúð fékk ekki greitt fyrir úrvalsmjólk nema í 7 mánuði sem er ekki ásættanlegt. Árskýr á búinu voru 76,9 (73,5) sem að meðaltali skiluðu 7.707 (7.389) kg mjólkur eða 7.095 (7.077) kg í innlagðri mjólk.

Heildarinnlegg búsins hækkaði dálítið frá fyrra ári, má einkum rekja það til betri gróffóðurgæða auk annarra þátta. Meðalnýtin er heldur varla viðunandi ef bóúð vill og ætlar að vera í fararbroddi á landsvísu.

Horfur á árinu 2024 benda til þess að það takist að skila um álíka nyt, en margt er þó óráðið enn t.d. gæði fòðurs. Nyt hefur þó verið vel viðunandi og hefur ekki raskast þó núna séu stöðugar breytingar og tilfæringar vegna rannsóknarstarfsemi.

Rekstur félagsins gekk sémilega á árinu 2023 þrátt fyrir erfiðar ytri aðstæður en verð á áburði og kjarnfóðri hélst hátt, nú eru horfur um heldur lægri verð á þessum liðum. Verðbólga hefur verið nálægt 7-10% allt árið, vaxtakostnaður á lánsfjármagni hefur hækkað verulega í takti við stýrivaxtahækkanir og kjarasamningar hafa og munu hækka verð á annarri vöru og þjónustu. Reynt var að minnka áburðarkaup án þess að það kæmi niður á uppskeru og fòðurgæðum, var einkum tvennt sem var forsenda þess. Annarsvegar kaup á niðurlagningarbúnaði á haugsugu en niðurlagning tryggir að áburðarefni í mykju nýtast mun betur til grasvaxtar en með hefðbundinni yfirborðsbreiðslu. Hinsvegar hefur frá árinu 2016 verið borin umtalsverður skeljasandur í flög sem á að hækka sýrustig og plöntunæringarefni nýtast betur (einkum fosfór), þannig mátti draga úr áburðarþörf. Bóúð þreytti frumraun sína í byggrækt í markverðu magni og mun það vonandi ganga betur næst. Áburður reyndist stórgallaður og tíðarfar óhagstætt. Miklar rigningar og bleyta og kuldi voru í maí og júní og tafðist jarðvinnsla fram eftir sumri þó korn færi niður í jörð 3. maí 2023. Veturinn á undan hafði verið mjög kaldur og heyskapur hófst ekki fyrr en síðustu dagana í júní en rigningar töfðu líka. Eftir að fyrsta slátt lauk tók við mikill

þurrkur það sem eftir lifði sumars og varð uppskerubrestur í öðrum slætti, grænfóðri og algjör uppskerubrestur í nýræktum sem var líka vegna þess hve seint var sáð í þær. Skeljungur ehf (Sprettur áburður) kom til móts við gallaðan áburð og bauð bætur.

Þrátt fyrir þetta var reksturinn í meginþáttum í samræmi við þær áætlanir sem stjórnendur félagsins lögðu upp með. Munaði um að þrisvar á rekstrarárinu hækkaði verðlagsnefnd búvara lágmarksverð á mjólk og stjórnvöld skipuðu sérstakan ráðuneytisstjórahóp til að greina afkomubrest í landbúnaði, í kjölfarið var 2 milljörðum veitt aukalega í landbúnaðargreiðslur en var því einkum beint til skuldsettari búa og naut Hvanneyrarbúið ekki mikils af því.

Heildartekjur félagsins voru 117.900.853 kr (110.908.066 kr)., en gjöld fyrir fjármagnsliði voru 115.216.740 kr (109.932.522 kr). Hagnaður félagsins á árinu eftir fjármagnsliði var 1.943.757 kr (433.244 kr). Stjórn leggur til að hagnaður félagsins leggist við eigið fé þess. Áætlun yfirstandandi árs gerir ráð fyrir tekjuafgangi þannig að halda megi áfram að byggja upp eigið fé félagsins, búa í haginn fyrir áframhaldandi endurnýjun á tækjum, búnaði og ræktun, ásamt því að efla fjárhagslegan styrk Hvanneyrarbúsins. Eigið fé félagsins jókst um 3,1 milljónir kr. á árinu og nemur það nú 65.547.126 kr. Vegna uppsafnaðs taps fyrri ára greiðir félagið ekki tekjuskatt fyrir árið 2023 en í árslok var uppsafnað nýtanlegt tap 4.542.351 kr. Frá því að rekstur félagsins var færður í núverandi horf árið 2015 hefur afkoma og eiginfjárstaða þess þróast með jákvæðum hætti. Langtímalán og greiðslubyrði af þeim hefur farið hratt lækkandi.

Helstu framfarir, viðhaldsverkefni og fjárfestingar ársins á liðnu ári voru:

- LbhÍ lét reisa girðingu á á Mið-Fossum til að varna því að sauðfé frá Hesti hefði óheftan aðgang að ræktarlandi. Það er erfitt að fá fé til að láta af gömlum síðum og leituðu ærnar allra leiða til að brjótast inn á gösenlandið á Fossum. Vegagirðing við Mið-Fossanámu er líka ónýt og ekkert hlið inn á hlaðið á Mið-Fossum.
- Ljós voru endurnýjuð í fjósinu og sá LbhÍ um það sem hluta af viðhaldi fjósbyggingar. Þau eru orkusparandi LED ljós sem bæði er hægt að stilla ljósstyrk (Lux) og ljóshitastig (Kelvin) í. Þau eru keyrð með svokölluðu dalí-kerfi sem þýðir að í forriti í tölvu er hægt að hópa saman ákveðnum lömpum og stilla sjálfstætt á þeim ljósstyrk og ljóshitastig eftir klukku. Ljósgrjafinn ehf á Akureyri sá um að smíða kerfið.
- LbhÍ keypti brunavarnarkerfi í fjósið frá Nortek ehf, eftir er að setja það upp. Það byggist á notkun svokallaðra línuskynjara sem skynja reyk.
- Loftpressan hrundi og þurfti að kaupa nýja í skyndi. Gamla var í ábyrgð og var gert við hana á kostnað framleiðanda. Hún verður seld.
- Ýmis búnaður var keyptur vegna rannsókna, þar á meðal notaður heilfóðurvagn, flokkunarhlið og íhlutir fyrir þau.
- Steypt var moðgryfja við fjósið, ekki er afgangshey og útmokstur lengur geymt inn í fjósi.
- Ekki var slegið slöku við í ræktun og fjárfest dyggilega þar eins og síðustu ár en um 30 hektarar voru til endurræktunar. Reyndur var nýr fræsibúnaður við hreinsun framræsluskurða sem reyndist vel og mun spara búinu talsverðar upphæðir í skurðahreinsun ef vel gengur.

Búið tók virkan þátt í rannsóknastarfi LbhÍ, þá aðallega við jarðræktarrannsóknir en meira hefur líka verið um verkefni í fjósinu. Áframhald var á beitarrannsóknum mjólkurkúa og er fyrirhugað að halda því áfram. Ekki má heldur gleyma metanbásnum Mumma (C-Lock Greenfeed) sem mældi iðragerjun hjá mjólkurkúnum og núna er verið að skoða sérstaklega metanhamlandi fóðurefni. Útlit er fyrir að Mummi og fjósið verði uppbókuð í slíkar rannsóknir næstu misseri

og ár. Bæði hafa yfirvöld komið með fjármagn í frekari iðragerjunarrannsóknir og LbhÍ hluti af þróunarverkefnum í þá veru.

LbhÍ og búið eiga í samstarfi við Veðurstofu Íslands og settu upp nýja fullkomna búveðurstöð á Hvanneyri á svokölluðum Ásgarðshól og jarðveghitamæli í Biafra. Stöðin komst í fullan rekstur á síðasta ári og er nýtt í veðurspár og starfsemi LbhÍ.

Stjórn leggur áfram áherslu á uppbyggingu á aðstöðu og búnaði Hvanneyrabúsins til að viðhalda og bæta aðstöðu til rannsókna og tilrauna. Áfram verður sótt um styrki til að fjármagna viðunandi rannsóknaraðstöðu fyrir einstaklingsfóðrunar-, verkunar-, umhverfis-, aðstöðu- og velferðartilraunir tengdri nautgripærækt.

Landbúnaðarháskólinn hefur verið að efla aðstöðu sína í jarðrækt og rannsóknir á því sviði hafa farið vaxandi. Áfram verður hugað að aukinni sjálfbærni og samstarfsverkefnum við skólann á því sviði. Mikil gleðitíðindi bárust nýlega þegar tekin voru af öll vafamál um uppbyggingu jarðræktarmiðstöðvar á Hvanneyri en það er stórt skref fyrir jarðræktarrannsóknir, kynbætur nytjajurta og íslenskan landbúnað í heild sinni. Það ber að nýta þann meðbyr til að impra á mikilvægi þess að fjárfesta í rannsóknum í mjólkurframleiðslu og nautgripærækt.

Stjórn þakkar starfsmönnum búsins fyrir gott samstarf á árinu, auk Egils og Björns voru Birna Lind Hafðisardóttir og Ingólfur Árni Jakobsson ráðin í sumarstörf og aðrar afleysingar. Pétur Snær Ómarsson var svo aðal dráttarvélaekill búsins um sumarið.

11. apríl 2024

Stjórn Hvanneyrabúsins
Ragnheiður I. Þórarinsdóttir
Baldur Helgi Benjamínsson
Pétur Diðriksson